

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 142/52
komudagur 20.6.2013

Reykjavík, 20. júní 2013

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands - 20. mál

Ég tel skynsamlegt að Seðlabanki Íslands fái þær heimildir sem lagðar eru til í frumvarpinu. Þó tel ég rétt að reglur um laust fé og reglur um gjaldeyrisjöfnuð geti náð til fleiri tegunda fjármálafyrirtækja en lánastofnana. Hættumerki blasa ekki við en engu að síður tel ég hyggilegt að bankinn hafi víðtækari heimildir en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Eins tel ég rétt að nota tækifærið og útvíkka gildandi ákvæði um innlán og útlán þannig að þau taki til allra fjármálafyrirtækja. Jafnvel mætti ganga enn lengra. Í þessu sambandi má m.a. benda á seðlabanka Noregs, Noregs Bank, sem hefur víðtækari heimildir en sá íslenski til að taka við innlánnum og veita lán til aðila á fjármálamarkaði.

Vegna sterkra viðskiptatengsla lánastofnana, sérstaklega innlánsstofnana, við Seðlabankann hef ég farið þá leið að halda hugtökunum innlánsstofnanir og lánastofnanir í eftirfarandi breytingartillögum fremur en að skipta þeim alfarið út fyrir hugtakið fjármálafyrirtæki.

Ég geng ekki svo langt að leggja til breytingar á 8., 9. og 11. gr. laganna en það kæmi þó til greina.

1. Ný grein bætist við frumvarpið.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Honum er einnig heimilt að taka við innlánnum frá öðrum fjármálafyrirtækjum en innlánsstofnunum.
- b. Í stað orðsins „lánastofnunum“ í 2. mgr. komi: fjármálafyrirtækjum.

2. Ný grein bætist við frumvarpið.

Á eftir orðinu „lánastofnunum“ í 1. másl. 1. mgr. 7. gr. komi: og öðrum fjármálafyrirtækjum.

3. Breyting á 2. gr. frumvarpsins (nýtt orðalag sýnt og breytingar undirstrikaðar).

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „lánastofnana“ í 1. másl. komi: og annarra fjármálafyrirtækja í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.
- b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um lágmark stöðugar fjármögnunar lánastofnana og annarra fjármálafyrirtækja í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum, sbr. 4. gr. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka fjármálafyrirtækja.

4. Breyting á 3. gr. frumvarpsins (nýr breytingarliður til viðbótar við þann sem þegar er í frv.).

- a. Á eftir orðinu „lánastofnunum“ í 1. másl. komi: og öðrum fjármálafyrirtækjum.

5. Breyting á a-lið í 5. gr. frumvarpsins (nýtt orðalag sýnt og breytingar undirstrikaðar).

- a. Seðlabanka Íslands er heimilt að beita þá aðila viðurlögum í formi dagsekta sem ákveðnar eru samkvæmt reglum sem settar eru af seðlabankastjóra og staðfestar af bankaráði, sbr. 28. gr., hlíti þeir ekki reglum bankans um bindiskyldu, laust fé eða gjaldeyrisjöfnuð.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,
ráðgjafi og fyrrverandi bankastjóri